

Tryggingarsjóður viðskiptabanka

Alþingi
Erindi nr. P 120/948
komudagur 6/3 1996

05. mars 1996

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri
150 Reykjavík

Stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka hefur fengið til skoðunar hugmyndir sem nú eru til athugunar hjá háttvirtri þingnefnd varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Hugmyndir þessar varða tryggingarsjóði innlánsstofnana og eru auðkenndar sem drög II, 29. feb. 1996. Í þessum drögum er að finna breytingar á ákvæðum um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða.

Við umfjöllun málsins á fundi stjórnar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 04. mars 1996 komu fram athugasemdir samanber lið 2 í meðfylgjandi drögum að fundargerð.

Virðingarfyllt,
f.h. Tryggingarsjóðs viðskiptabanka


Þorkell Helgason, form. stjórnar

Tryggingarsjóður viðskiptabanka

DRÖG

04. mars 1996

Ingvar A. Sigfússon

40. fundur

Fundurinn var haldinn 04. mars 1996 kl. 14.10 í Seðlabanka Íslands, fundarherbergi 521. Mættir voru stjórnarmenn Þorkell Helgason, Eiríkur Guðnason, Stefán Pálsson, Valur Valsson og Ólafur Örn Ingólfsson. Þórhallur Arason boðaði forföll og Þórður Ólafsson var erlendis. Auk þess mætti á fundinn Ingvar Sigfússon sem ritar fundargerð og Tryggvi Axelsson úr viðskiptaráðuneyti.

Á dagskrá fundarins var 1. Ársreikningur Tr.sj. viðsk.b. 1995 2. Önnur mál.

1. Ársreikningur 1995. Engar athugasemdir komu fram vegna ársreikningsins og var hann undirritaður af stjórnarmönnum. Í framhaldi var ákveðið að senda viðskiptaráðherra bréf þar sem stjórnin leggur til, í ljósi framlagðs ársreiknings, að engin árgjöld verði innheimt 1996 vegna innlánstrygginga þar sem innborguð árgjöld eru vel yfir 1% af tryggðum innstæðum um s.l. áramót. Ákveðið var að bæta inn í bréfið til viðskiptaráðherra að eigið fé sjóðsins hefði numið 1,26% af heildarinnlánum hjá viðskiptabönkum um síðustu áramót.

2. Önnur mál. Á fundinn var mættur Tryggvi Axelsson úr viðskiptaráðuneytinu, til að skýra stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka frá því hver staða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði væri.

Í máli Tryggva kom fram að hætt hafi verið við að sameina sjóðina m.a. vegna þess að ágreiningur hafi verið um sameininguna, staða sjóðanna væri ólík og óljóst væri hvort knýjandi þörf væri á sameiningunni. Þær breytingar sem frumvarpið gerði enn ráð fyrir væru að lánadeild tryggingarsjóðs viðskiptabanka yrði lögð niður, fækkað yrði í stjórn sjóðsins og sett væru í lög skýrari ákvæði um aðild erlendra útibúa að Tryggingarsjóði viðskiptabanka eða sparisjóða. Það kom einnig fram í máli Tryggva að efnahags- og viðskiptanefnd vill afgreiða frumvarpsdrögin sem fyrst frá sér.

Í athugasemdum stjórnarmanna kom fram að þeir eru sammála um að það hafi verið lykilatriði í fyrri frumvarpsdrögum að sameina Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða. Með því að falla frá sameiningunni sé verið að viðhalda þeirri mismunun sem er á starfsskilyrðum þessara innlánsstofnana, viðskiptabönkunum í óhag. Ef hætt verði við sameiningu sjóðanna eigi ekki að breyta lögum meira en

nauðsynlegt er vegna tilskipana Evrópusambandsins. Allar aðrar breytingar verði látnar bíða þangað til samkomulag verður um sameiningu sjóðanna.

Stjórn sjóðsins ákvað að fela formanni og ritara að koma þessari skoðun stjórnar á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd.

Fleira gerðist ekki.

Vinsamlega komið athugasemdum til

Ingvars Sigfússonar
fax 5699603